

Ed.

65. Frumvarp til laga

[59. mál]

um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum (sbr. 3. gr. og 11. gr.).

2. gr.

Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings.

3. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver og reki, þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum, sbr. 5. gr.

4. gr.

Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.

Sömu leiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli meta til verðs.

5. gr.

Ár og vötn eru sameign þjóðarinnar, svo sem önnur gögn og gæði landsins, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. Frjálst er þó jarðeiganda að virkja fallvatn fyrir landi sínu til eigin nota, ef það brýtur ekki í bága við almannaparfir.

Við gildistöku laga þessara skal ríkið láta kanna, hver veiðihagur hefur verið talinn fram af hverri veiðijörð s.l. 20 ár, og greiða eiganda hennar bætur samkvæmt því fyrir veiðiréttinn. Frjálst skal þó veiðiréttareiganda, þegar lög þessi öðlast gildi, að velja á milli framangreindra bóta eða halda veiðiréttinum í allt að 20 ár eða uns sala viðkomandi veiðijarðar eða jarðhluta fer fram, ef fyrir verður, og lækkar þá bótaskylda ríkisins um 1/20 við hvert ár sem líður og fellur niður eftir 20 ár.

6. gr.

Alþingi getur falið viðkomandi sveitarfélögum eftir nánar settum reglum umráðarétt veiði og fiskræktar í ám og vötnum gegn sérstöku gjaldi, er gangi til aukinnar fiskræktar, sömuleiðis samtökum ábúenda aðliggjandi jarða áa og vatna, einnig sérstökum fiskræktarfélögum. Sama rétt má veita einstaklingum, sem einstæðan áhuga og árangur hafa sýnt í fiskræktarmálum.

Skylt skal ábúendum jarða að veiðiám og veiðivötnum að leyfa veiðileyfshöfum nauðsynlegan aðgang að veiðistöðum og umferð milli veiðisvæða, enda sýni veiðileyfishafar fyllstu nærfærni í umgengni sinni, svo að hvergi valdi spjöllum.

7. gr.

Enginn getur átt né eignast óbyggðir né afréttir utan heimalanda nema ríkið sjálf. Geti einhver við gildistöku laga þessara sannað eign sína á slíku landi, skal það eigi að síður verða ríkiseign, en gjalda ber eiganda þess verð fyrir samkvæmt gildi þeirra nota, sem hann hefur af því talið fram s.l. 20 ár.

Viðkomandi sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög skulu halda hefðbundnum afreittarnotum sínum án endurgjalds, enda sinni þau og hefðbundnum skyldum við afréttina, en skylt skal þeim að hlíta settum reglum hverju sinni um ítölu sem og gróður- og náttúruvernd, einnig reglum um umferð og ferðafrelsi innan settra marka.

8. gr.

Skylt er ríkinu að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumararbústaði og láta skipuleggja slík bústaðahverfi, en falið getur það sveitarfélögum þeim, þar sem slík hverfi rísa, þessi verkefni, ef betur þykir henta.

Þurfi að taka bújörð eignarnámi vegna sumararbústaðahverfis, eða hluta bújarðar, skal bæta eiganda hennar samkvæmt mati með hliðsjón af þeim búnotum, sem af eignarnámslandinu hafa verið.

9. gr.

Allur jarðhiti er eign ríkisins, nema á eignarjörð sé, þá er sá jarðhiti, sem er ofan 200 m dýpis, eign viðkomandi jarðeiganda. Megi ætla, að borun ríkisins eftir jarðvarma og virkjun hans valdi notatjóni á viðkomandi bújörð eða aðliggjandi bújörðum, svo sem á matjurtarækt eða upphitun húsa, ber ríkinu að bæta slíkt samkvæmt mati.

10. gr.

Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins og leyfis þess þarf til að leita eftir og vinna, eru eign ríkisins og háð valdi Alþingis.

11. gr.

Allar lóðir og lendur undir húsum og öðrum mannvirkjum skulu eign viðkomandi sveitarfélags, nema ríkisins sé áður, en þá skal Alþingi fela sveitarfélaginu umráðarétt slíkra eigna. Sveitarfélög skulu bótaskyld til eigenda lóða og lendna þeirra, sem í einkaeign eru, þegar lög þessi öðlast gildi, en við ákvörðun bóta skal draga frá að 3/4 hlutum þá verðmætaaukningu, sem dómkvaddir matsmenn ætla að viðkomandi þéttbýlisskópun eða aðrar aðgerðir samfélagsins hafi valdið.

Ekki er sveitarfélagi skylt að inna slíkar bætur af hendi til eigenda nema við missi vinnu vegna aldurs eða örorku, dauðsfall eða burtflutning, og þá eigi fyrr en 2 árum síðar.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um lóðir og lendur undir hús og mannvirki í sveitum, önnur en lúta að búrekstri, þar með taldar lóðir undir sumararbústaði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Greinargerð.

Nokkur þing undanfarið hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt þingsályktunar-tillögu um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Aðalinntak þeirrar tillögu hefur verið, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið væru í raun sameign þjóðarinnar allrar og ríkisstjórnin ætti að láta sérfróða menn semja frumvarp til laga um þessa eign og þessi eignarráð til samræmis við breytta tíma, breytta skilning þjóðarinnar á eignarráðum og ýmis ný viðhorf, m. a. vegna algerrar byltingar á sumum sviðum um gildi gagna og gæða landsins.

Þessi tillöguflytningur þingmanna Alþýðuflokksins hefur vakið mikla athygli og sívaxandi umræðu manna á meðal, svo að alþjóð er farin að velta þessu máli fyrir sér af allt öðrum sjónarhóli en áður.

Hér er gerð tilraun til að búa sjónarmiðum Alþýðuflokksins og annarra, er líkar skoðanir hafa og hann á þessum málum, stakk í frumvarpsformi að lögum og þoka þannig málinu til ákveðnari umræðu.

Vorið 1976 var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna fjölmenn ráðstefna um búsetu mannsins á jörðinni. Nefndist hún HABITAT og fór fram í Vancouver í Kanada. Sóttu ráðstefnu þessa fulltrúar rúmlega 120 þjóða, en ekki sá íslenska ríkisstjórnin ástæðu til að senda fulltrúa og ber að harma það. Á ráðstefnu þessari voru gerðar viðtækar samþykktir, sem yfir 120 þjóðir stóðu að einum rómi. Meðal annars er þar kafli um landið, og er athyglisvert fyrir íslenska þjóð að kynnst efni hans. Er þar skemmst af að segja, að ráðstefnan varð einróma sanimála um stefnu varðandi landið, sem er mjög í sama anda og tillögur Alþfl. um eignarrétt á landi, gögnum þess og gæðum, svo sem hér skal sýnt í þýðingu nokkurra atriða úr samþykktinni:

Inngangsorð: „Félagslegt réttlæti, endurnýjun byggðar (borga) og framþróun, sem eru skilyrði fyrir mannsæmandi húsnæði og heilsusamlegu umhverfi fólksins, nást því aðeins að landið sé notað í þágu þjóðfélagsheildarinnar.“

Samþykktir:

- 1) „Landið er takmörkuð auðlind og meðferð þess á að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu alþjóðar.“
- 2) „Breytingar á landnotum, sérstaklega frá landbúnaði til þéttbýlis, eiga að vera háðar opinberu eftirliti og reglum.“
- 3) „Óverðugan hagnað, sem myndast af því að land hækkar í verði vegna breyttra landnota, vegna opinberra framkvæmda eða ákvarðana eða vegna almenns vaxtar samfélagsins, skulu opinberir aðilar (þjóðfélagið) geta endurheimt, nema aðstæður kalli á aðrar frekari aðgerðir, svo sem breytta eignaraðild eða upptöku lands.“
- 4) „Tímabundinni eða varanlegri þjóðareign skal beita, þegar nauðsynlegt er til að tryggja, stjórna og vernda land, sem þarf fyrir vöxt þéttbýlissvæða, einnig til framkvæmdar á almennum umbótum í borgum og sveitum til að tryggja almenna þróun hagkvæma þjóðfélaginu.“
- 5) „Eignarréttarformi liðins tíma ber að breyta til samræmis við sibreytilegar þarfir þjóðfélagsins, svo að það sé hagstætt þjóðfélagsheildinni.“

Af þessum tilvitnunum má ljóst vera, að þær skoðanir ryðja sér nú mjög til rúms, að taka þurfi eignarráð á landi, gögnum þess og gæðum, til ítarlegrar endurskoðunar og umbreytinga.

Það er ekki viðfelldin staðreynd, að fósturjörðin sé á braskhrakningi. Svo er þó raunin í dag: Hitaveituréttindi, veiðiréttur, sumarbústaðalönd, lóðir og lendur í og við þéttbýli eru eftirsótt verðmæti, svo að engu hófi sætir í kaupum og solum. Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er lagt til, að þessi verðmæti séu gerð að sameign þjóðarinnar, þannig að ekki verði framfar okrað á hitaveituréttindum, góðar bújarðir fari ekki úr búskaparnotum vegna gifurverðs, sumarbústaðalönd fáist á

sanngjörnum kjörum fyrir þéttbýlisbúa, er þess óska, og sveitarfélög þurfi ekki frammar að kaupa sér „lífsrúm“ á okurverði né lax- og silungsveiðimenn að sæta afarkostum til slíkra veiða.

Hér er um sanngirniss- og skynsemismál að ræða, sem hlýtur að vinna sér land.

Þetta frv. er nú aftur flutt óbreytt frá síðasta þingi, en þá var Bragi Sigurjónsson fyrri flutningsmaður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er því slegið föstu sem aðalreglu, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar allrar.

Um 2. gr.

Hér er skilgreint, að umráðaréttur þessarar sameignar sé í höndum Alþingis, en það geti með sérstökum lögum, ef henta þykir, falið öðrum aðilum umráða- og notarétt tiltekinna hluta af sameigninni, svo sem sveitarfélögum og öðrum félags-samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Er hér m. a. átt við umráð lóða og lendna í þéttbýli eða þar sem vinnsla jarðefna fer fram eða verksmiðjur eru reknar, svo og búrekstur fer fram á erfðafestulandi, svo dæmi séu tekin. Sjá um veiðirétt síðar.

Um 3. gr.

Þótt það sé skoðun flutningsmanna, að bændum sé í raun hagkvæmara að hafa búlönd sín í t. d. erfðafestu fremur en eigu, þykir þeim rétt, að bændum sé frjálst að velja á milli, meðan þeir svo klósa, enda sé einvörðungu um iarðnæði til eigin búrekstrar að ræða og hver verði að afsala sér eignarráðum á bújörð, sem hann býr ekki á.

Um 4. gr.

Hér er ríkinu lögð tvenns konar kvöð á herðar bændum til efnalegs öryggis: að þeir geti hvenær sem þeim býður svo við að horfa selt ríkinu jarðir sínar á gildandi gangverði bújarða bændna í milli hverju sinni, og að þeir þurfi aldrei að ganga slyppir og snauðir frá jörð, húsum og ræktun, fari bújörð úr byggð vegna úrleiðis, óbyggis eða einhverra annarra hluta, svo að ekki fáiast búandi kaupandi að.

Rétt þykir, að um verðlagningu slíkra eigna sé sett ítarleg reglugerð af hálfu ríkisvaldsins, enda má ætla, að á þennan lið þessarar lagagreinar reyni allverulega um næstu ár.

Um 5. gr.

Hér er kveðið afdráttarlaust á um það, að ár og vötn séu sameign þjóðarinnar allrar, þar með talinn virkjunaréttur og veiðiréttur. En þar sem veiðiréttur hefur til þessa í meginráttum verið bundinn bújörðum eða jarðahlutum sem hlunnindi, en hefur á seinni árum í vaxandi mæli verið verðhækkunarhvatí og leitt til brasks með bújarðir, stundum leitt til auðnar góðra bújarða í annars blómlegri sveit, þykir hvort tveggja rétt: að hætta eignum veiðjarða upptöku veiðiréttarins eftir ákveðnu bótamati og framkvæmdarreglum, þar sem m. a. er veittur verulegur umþóttunartími eða skilafrestur á veiðirétti, ef fremur er kosið en beinar bætur, og á hinn bóginn að létta af bændum einum aðaldýrtíðarvaldi fjölmargra bújarða.

Um 6. gr.

Rétt þykir og raunar sjálfgert, að ríkisvaldið, í þessu tilfalli Alþingi, framselji umráð veiðiréttar til viðkomandi sveitarfélaga, þar sem veiðiár renna og veiðivötn liggja. Hitt kann og að verða, að ábúendur jarða, sem liggja að veiðiám og vötnum,

vilji mynda með sér félög um fiskrækt og veiðinot, eða sérstök fiskræktarfélög séu stofnuð, og þykir rétt að halda opnum dyrum fyrir öllum þessum möguleikum og einnig áhuga- og athafnasömum einstaklingum í fiskræktarmálum.

Tekið er sérstaklega fram, að gjald til ríkisins fyrir umráð yfir veiðirétti skuli ganga til aukinnar fiskræktar.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á, að óbyggðir og afréttir utan heimalanda séu eign ríkisins. Er það til að taka öll tvímæli af um það, að sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög hafi einungis notarétt af afréttum til beitar búfjár, en eigi eignarráð. Ætti þetta ákvæði að koma í veg fyrir kostnaðarsöm og óviðfelldin málaferli um eignarráð yfir óbyggðum og afréttum landsins, en í engu er því á annan hátt ætlað að raska notum né skyldum sveitar- og upprekstrarfélaga varðandi afréttarlönd.

Um 8. gr.

Hér er sú skylda lögð á ríkið sem umráðaréttarhafa landsins alls, sameignar þjóðarinnar, að það sjái um að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir lóðum undir sumarbústaði. Það skulu vera leigulóðir, enda markmiðið að hindra sölubrask á landi undir slíka bústaði. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um, að allur jarðhiti undir 200 m dýpi skuli vera sameign almennings, ríkisins. Er hér nokkru lengra gengið en í frumvarpi því um breytingar á orkulögum, sem lá fyrir Alþingi 1976—1977 (50 mál), og er þá haft í huga, að nú er farið að bora með ærnum kostnaði, þ. e. með almannafé, eftir heitu vatni á lághitasvæðum, og er brýn nauðsyn að kveða þar einnig á um eignarráð.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf, en rétt þykir að taka fram, að henni er m. a. ætlað að ná yfir t. d. olíuvinnslu á landgrunninu ef til kæmi.

Um 11. gr.

Enda þótt meginreglan verði með samþykkt þessa frumvarps, að þjóðin, ríkið, eigi landið allt, eru þar tvö frávik: Bóna er frjálst, ef vill, að eiga húsjörð sína, meðan hann býr á henni, þéttbýlis- og sveitarfélög skulu samkv. þessari grein vera eigendur lóða og lendna þeirra, er þau ná yfir. Er þá enda um slíka sameign að ræða. að ekki ætti að þurfa að óttast brask með fósturjörðina.

Ekki er hér lögð til eignarupptaka á lóðum og lendum, sem í einkaeign kunna að vera, þegar frumvarp þetta öðlast lagagildi, en undir þann leka sett með bóta-reglum, að um braskágóða verði að ræða, og sveitarfélögum markaður ákveðinn frestur til lóðakaupa, svo að þeim byndist enginn háskagreiðslubaggi þar af.